

# Fjárfestingastuðningur í nautgriparækt

Í samræmi við reglugerð um stuðning í nautgriparækt nr. 1150/2016 auglýsir Matvælastofnun eftir umsækjendum vegna fjárfestingastuðnings.

Markmið stuðningsins er að hraða því að framleiðendur standist kröfur samkvæmt reglugerð um velferð nautgripa nr. 1065/2014. Stuðningurinn er veittur bæði vegna nýframkvæmda og endurbóta á eldri byggingum sem stuðla að hagkvæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði nautgripa og aukinni umhverfisvernd.

Umsóknum skal skila inn rafrænt í Þjónustugátt Matvælastofnunar



Markmið stuðningsins er að hraða því að framleiðendur standist kröfur samkvæmt reglugerð um velferð nautgripa.

eigi síðar en 31. mars næstkomandi vegna framkvæmda á árinu. Vakin er

athygli á að umsóknum skal fylgja framkvæmda- og kostnaðaráætlun,

ef um byggingu sé að ræða skulu fylgja teikningar. /VH



## Innlausn greiðslumarks í sauðfjarrækt

Matvælastofnun innleysti samtals 1.477,2 ærgildi frá ellefu búum þann 20. febrúar sl. en stofnunin annast innlausn greiðslumarks fyrir hönd ríkissjóðs.

Handhafi greiðslumarks getur óskað eftir innlausn greiðslumarks frá 1. janúar 2017 til 31.

desember 2020. Við innlausn greiddi Matvælastofnun handhafa greiðslumarks núvirt andvirði beingreiðslna tveggja næstu alm-anaksára eftir að innlausn er óskað, skv. 39. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Innlausnarvirðið var 12.480 krónur á ærgildi.

Matvælastofnun skal greiða

innleyst greiðslumark til handhafa þess eigi síðar en 15. febrúar á innlausnarári skv. 12. gr. reglugerðar um stuðning við sauðfjarrækt nr. 1151/2016 en stofnunin gekk frá greiðslu til bændna sem óskuðu eftir innlausn þann 20. febrúar eins og áður segir.

*Búnaðarstofa Matvælastofnunar*

## Fjárfestingastuðningur í svínarækt

Matvælastofnun auglýsir eftir umsækjendum vegna fjárfestingastuðnings í svínarækt í samræmi við ákvæði VII. kafla reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 1240/2016.

Fjárfestingastuðningur er veittur þeim framleiðendum sem hyggjast fara í framkvæmdir til að hraða

því að standast kröfur samkvæmt reglugerð um velferð svína nr. 1276/2014, með síðari breytingum.

Stuðningur er veittur vegna nýbygginga eða viðbygginga, endurbóta á eldri byggingum þar sem skipt er út meira en 50% af innréttingum og kaupa á innréttingum og búnaði.

Umsóknnum ásamt viðeigandi fylgiskjölum skal skila inn rafrænt í þjónustugátt Matvælastofnunar eigi síðar en 31. mars nk. vegna framkvæmda á árinu. Nánari upplýsingar veitir Búnaðarstofa Matvælastofnunar.

*Búnaðarstofa Matvælastofnunar*